

Náttúruvernd ríkisins  
Bt. Sigurrósar Friðriksdóttur  
Hlemmi 3  
Pósthólf 5324  
125 Reykjavík

Sigríður Hjaltadóttir  
Sólbakka 531 Hvammst  
Simi 4512881  
GSM 8658171  
Faxmodem 4512881

28. nóvember 2000

**Málefni** Farið var að beiðni Heimis F. Guðmundssonar og Helgu Aðalgeirsdóttur og litið á aðstæður í Norðurárdal í Skagafirði vegna væntanlegrar vegagerðar þar, þann 3. október sl.

**Tilgangur** Vegagerðin áætlað að leggja tæplega 15. km veg í Norðurárdal sem tengir Hringveginn í Skagafirði og Öxnadalshéiði.

**Verklýsing:** Fundað var með Heimi og Helgu í húsnæði Vegagerðarinnar á Akureyri um hugsanlegar veglínur, rök Vegagerðarinnar fyrir nýlagningu vegar í Norðurárdal og hvaða forsendur hún hefur. Undirrituð gerði grein fyrir viðhorfum Náttúruverndar og hennar forsendum.

Fram kom hjá Heimi og Helgu að Vegagerðinni er ætlað að hafa veglínuna eins stutta og hægt er og hallann eins lítinn, þannig að leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur verði sem styst og ódýrust að ferðast eftir. Heimir sagði að sparnaðurinn væri töluverður, þegar hringvegurinn styttist um 300-400m eða um 3,5 milljónir á ári miðað við núverandi umferð, án þess að tímasparnaður ökumanna sé talinn með (600 bílar á dag og 45kr/km). Undirrituð tjáði sig um mikilvægi þess að umhverfi ökumanna og annarra vegfarenda skipti máli fyrir vellíðan og fegurðarþroska þeirra. Þar skipti heildstæð náttúra máli, mikilvægi þess að raska lífríki sem minnst s.s. dýra- og gróðurlífi á landi og í ám. Umhverfi vegarins þarf að vera sem minnst raskað og sem líkast hinu náttúrulega umhverfi.

Nú þegar er það þekkt hve fólk getur slakað vel á í óspilltri náttúru og gæti það verið verkefni fyrir sálfræðinga, þjóðhagfræðinga ofl. að reikna út þjóðhagslega hagkvæmi óspilltrar náttúru fyrir nútímafólk í stressi og mengun nútímalífs.

Þá fór undirrituð með kort af dalnum með þeim veglínunum sem eru í athugun og leit á aðstæður, skoðað var vel svæðið við Heiðarsporð og norðan Norðarár, þ.e. leið A og B að Gvendarnesi (Bessakoti) þá var sól gengin til víðar. Undirrituð fór ekki aftur á staðinn, þess í stað sendi Heimir myndir teknar á stafræna myndavél í júní og október sl., einnig fékk undirrituð drög að matsáætlun, afstöðumynd þar sem mismunandi valkostir vegarstæðis koma inn á. Veglínurnar hafa mismunandi lit og bókstafi. Einnig tók undirrituð myndir af veglínunum A og B að Gvendarnesi (Bessakoti) og yfir dalinn hinum megin þar sem veglína F liggur alfarið auk veglínur C, D og E sem áætlað er að skeri dalinn neðan Fremri-Kota.

Fjallað verður um allar veglínur eftir bestu getu.

Mikilvægt er að afrit af skýrslum sérfræðinga, t.d. af gróður- og fuglalífi, lífríki í ánni, fornleifafræðinga ofl. berist Náttúruvernd ríkisins.

**Staðhættir** Norðurárdalur er dalur sem teygir sig með austur-vestur stefnu inn í Tröllaskaga. Allt svæðið norðan Hringvegarins í Norðurárdal er á Náttúruminjaskrá Náttúruverndar ríkisins. En Norðurárdalur er ein náttúruleg heild sem ekki er hægt að

skipta í tvennt þannig að óhætt sé að raska svæðinu sunnan við veginn en hlífa öllu norðan við hann.

Norðurárdalur hefur mikla sérstöðu í náttúruverndar tilliti, þarna hefur mælst eitt elsta berg á Íslandi um 13. m.ára gamalt, þarna finnast steingerðir trjábólir í bergi í Kotárgili og í Skeljungssteini, þarna hefur sagan markað spor sitt t.d. sagan um Skeljungsstein ofl og töluvert er um fornminjar.

Fram kom af hálfu Heimis og Helgu að þau vilji leggja sitt af mörkum þannig að vegagerðin og rask vegna hennar verði sem minnst, en þau þurfi að hafa styttingu vegar, hallalítinn veg, ódýrustu brúarstæðin, áhrif veðurs og snjóá ofl. til hliðsjónar við hönnun vegarins.

### **Framkvæmd**

Fjallað verður um hinar mismunandi leiðir þannig að byrjað verður austast undir Heiðarsporði og farið vestur.

**Leið A og B** ( appelsínugul og ljósblá á korti). Þessi leið fylgir að miklu leyti gamla veginum þó svo að um nýja veglínu sé að ræða. Vestast greinast þessar leiðir frá hvor annarri þannig að leið A sem er appelsínugul á korti 3, fylgir betur gamla veginum en leið B ljósblá á korti fer niður á áreyra Norðurá neðan Hellisskriða rétt við Skeljungsstein.

Leið A og B víkja af Þjóðvegi 1 á Heiðarsporði neðan skarðsins þar sem gamli vegurinn klifrar upp Öxnadalshéðina að vestan (sjá kort 3 frá Vegagerðinni). Þaðan liggur leið A og B til norðvesturs yfir Norðurá á þunnri aurkeilu sem Króká myndar neðan Krókárgils. Þarna er áætlað að brúa ána með um 55 m langri brú, sem mun verða í um 5-6 m hæð yfir vatnsborði árinna (myndir No 1,2 og 10-11). Þaðan liggur leiðin upp af áraurunum inn á núverandi veg við melinn sem myndar skarðið við Heiðarsporð. Leið A og B sker núverandi veg nokkru sinnum og fer yfir Valagilsá rétt neðan núverandi brúar, áætlað er að byggja 20 m langa brú yfir ána. Töluverð efnistaka er áætluð úr áreyrum Valagilsár. Leiðin heldur áfram neðan núverandi vegar og sker hann svo rétt ofan við austustu tún Fremri Kota. Þaðan liggur vegurinn um skriðu sem kemur úr Bæjargili ofan Fremri-Kota, og áætlað er að fjarlægja hana að miklu leyti með skeringu, þar sem hún kemur þykk og flöt út úr gilinu. Þarna hafa fallið skriður á sögulegum tíma og valdið tjóni á mannvirkjum (sérfræðingur í íslenskum skriðum mun gera grein fyrir því). Leiðinni er áætlað að vera ofan núverandi vegar yfir Bæjargil en þaðan þverar hann núverandi veg og fer niður fyrir. Þar þverar leiðin raflínu að Fremri-Kotum þar sem hún fer yfir aurkeilu Skriðugils svo kallaða Merkjaskriðu. Við vesturenda raflínu er leiðin rétt neðan núverandi vegar en stefnir þaðan niður að útihúsum á Ytri-Kotum og þaðan að vegi ofan Stekkjarhöfða. Þar fyrir neðan er mikil efnistaka áætluð úr áraurum Norðurár. Milli Stekkjarhöfða og Ytri-Kota er áætlað að leiðir C, D og E komi inn á leið A og B.

**Leiðir A,B,C,D og E: (myndir No 1 –74).** Þaðan liggja leiðirnar allar neðan núverandi vegar.

Leiðunum er ætlað að fara yfir Kotá neðan brúar, og er áætlað að setja steiptan stökk í Kotá. Leiðin liggur yfir ræktuð tún á Ytri-Kotum sem eru nýtt að einhverju leyti frá Fremri-Kotum. Leiðirnar fylgja nokkuð núverandi vegi þar til komið er að Gvendarnesi þar er áætlað að veglínan fari niður á áreyrar Norðurár þar sem Vegagerðin hefur tekið efni úr þeim. Þegar komið er að Ytra-Selgili fer leið A upp af áreyrunum og inn á núverandi veglínu, en leiðir B,C,D og E eru enn niður á áraurunum þar til þær tengjast Hringveginum og leið F vestan við Kjálkaveg.

**Leiðir C,E og F: (myndir 1,2 og 10-11 ofl).** Við Heiðarsporð fara þær frá leiðum A og B á áraurum Krókár, þar sem hún rennur út í Norðurá. Leiðirnar stefna til vesturs í sunnanverðum dalnum, fara yfir Króká sem áætlað er að setja í steypant. Þaðan fara leiðirnar upp af áreyrum Norðurár /Krókár neðan og vestan Krókárgerði sem er eyðibýli. Leið D tengist leiðum C, E og F neðan Stóralækjar, og fylgjast þær að yfir stóra og velgróna aurkeilu úr Skriðugili, þar greinast leiðirnar örlítið vegna stefnubreytingar sem leiðir C og D taka. Þær stefna til norðvestur og fara yfir Norðurá neðan og vestan við bæjarhúsin að Fremri-Kotum við Flathöfða. Leið E og F fylgjast enn að fyrir sunnan Norðurár, en milli Húsagils og Fremra Selgils beygir leið E til norðvesturs og er ætlað að fara yfir Norðurá neðan og rétt austan við Fremra-Selgil. Á svæðinu milli áætlaðra brúarstæða á leiðum C og D og leið E er áætluð töluverð efnistaka sem nær vestur undir Ytra-Selgil. Leið C og D liggur yfir Gerðisgil norðan til í dalnum og sameinast leið E í túninu á Ytri-Kotum.

**Leið D:** Frá Heiðarsporði er áætlað að leið D fari suður fyrir melinn er myndar skarðið við Heiðarsporð (myndir No1-9 ofl). Áætlað er að vegurinn fari yfir Krókárgil rétt ofan gilksjafnsins þar sem áin rennur í Norðurá. Leiðin sameinast svo leiðum C,D,E og F neðan Stóralækjar og greinist ekki sjálfstæð eftir það.

**Leið F:** Byrjar með leiðum C og E en greinist frá þeim á miðri aurkeilunni undir Skriðugili. Þaðan liggur leiðin öll sjálfstæð sunnan megin í dalnum að mestu ofan áraura Norðurár að Stekkjarhöfða gengt Gvendarnesi. Þar fer leiðin niður á áraura Norðurár norðan Stekkjarhöfða fylgir svo núverandi vegi frá Egilsá og fer yfir Norðurá rétt austan við Kjálkaveg. Hún sameinast Hringveginum og hinum leiðunum skammt vestan vegamóta við Kjálkaveg. Brýr á þessari leið eru yfir Egilsá um 37 m löng og yfir Norðurá við Skeljungshöfða um 120 m. Króká verður sett í stökk með miklum fyllingum.

Gera má ráð fyrir miklum grjótvörnum beggja vegna árinna hvort sem leið A,B,C,D, eða F verða valdar. Bændur á Egilsá, Tungukoti og Flatatungu eru hræddir um að vegur á áraurum Norðurár að norðan með miklum grjótvörnum breyti ánni þannig að landbrot verði við árbakkanna hinu megin og því þurfi að grjótvörja þar líka þó svo að leið F verði ekki valin.

**Efnispörf:** Um 700 000 m<sup>3</sup> fyrir verkið í heild sinni. Ekki hefur verið fjallað um efnistökuastaði.

**Grjótnám:** Búið er að opna grjótnámu í landi Flatatungu, jarðfræðistofan Stapi hefur ekki mælt með grjótnámi í Gvendarnesi. Áætlað er að efni í veg vestan Gvendarness komi úr áreyrum Norðurár.

### Umsögn:

**Norðurárdalur** er sérstök landslagsheild sem nútímavegagerð mun raska. Dalurinn einkennist af bröttum hlíðum til beggja handa með djúpum giljum sem rofið hafa hlíðar hans. Framan við mörg þeirra hafa myndast stórar aurkeilur ýmist grófar og ógrónar eða fínar og vel grónar. Þarna hafa mælst eitt af okkar elsta bergi og hraunlög með steingerðum trjábolum finnast í Kotárgili og í Skeljungssteini. Norðurá myndar mjóa sléttu neðst í dalnum þar sem hún myndar bugður til að leysa hlíðar dalsins til beggja handa og bera þær til sjávar. Skriður eru algengar í dalnum sérstaklega að norðanverðu og hefur orðið tjón af þeirra völdum. Norðurárdalur

myndar því eina heild með sérstökum landslagsmyndum sem eru djúp gil með stórum heildstæðum aurkeilum fram undan gilkjöftunum. Má búast við að gróður og dýralíf sé einnig sérstakt í dalnum vegna staðsetningar hans sem er mikil eftirsjá í. Þarna hefur sagan myndast eins og sjá má á fjölda eyðibýla í dalnum.

Íslensk náttúra hefur mikla sérstöðu á heimsvísu sem við þurfum að taka tillit til því hún er fjársjóður framtíðarinnar.

**Leið A og B:** Fylgja að mestu gömlu leiðinni sem er stór kostur að mati Náttúruverndar ríkisins. Áreyrar Norðurár undir Heiðarsporði er viðkvæmt svæði, einnig aurkeilurnar á svæðinu.

Ókostir leiðar A og B er að þær skerða tún Ytri-Kota, fjarlægja þarf skriðu ofan Fremri-Kota með vegskeringu. Byggja þarf aðra brú yfir Valagilsá og steiptur stokkur verður settur í Kotá. Mikilvægt er að fjarlægja gömlu brýrnar. Huga vel að fornmunum, steingervingum, sögulegum minjum ofl.

**Leið C, E og D:** Kostir þessa leiða er að þær fylgja núverandi vegi á um tveggja km kafla.

Ókostir, þær raska áður óröskuðu svæði (af vegagerð, þarna er eyðibýli og því mannvistarleifar; fornleifar?). Þær fara yfir þykka og heildstæða aurkeilu framan við Skriðugil (að sunnan). Þessum leiðum er ætlað yfir Norðurá í miðjum dalnum sem kallar á brúargerð (lengd um 80-90 m. Þverun vegar yfir miðjan dalinn fer þvert á allar línur í landslagi. Þar sem þessar leiðir koma upp á leið A og B fara þær yfir grasi gróin tún Ytri-Kota sem eru nýtt frá Fremri-Kotum.

**Leið D:** Ókostur leiðar er mikil vegfylling þvert yfir gilið, þar sem Króká verður sett í steiptan stokk. Þá verður mikil klapparskering til austurs frá Krókárgili á um 200 m kafla dýpst um 12-14 m vestast eða næst Króká. Þetta er mikil röskun við Krókárgil sem er óraskað gil að mestu, en fremst í því er lítil brú sem nýtt er fyrir fjárrekstur.

**Leið F:** Kostur er að hægt er að nýta gamla veginn sem reiðveg ef landeigendur samþykkja slíkt. Ef þeir gera það ekki er þessi leið mjög slæmur valkostur.

Ókostur að veglínan er á áður óröskuðu svæði fyrir framan Egilsá. Gamli vegurinn mun blasa við vegfarendum, mismargar brýr yfir árnar líka.

Því er mjög mikilvægt að eyða gamla veginum og brúm ef leið F verður valin og ekki finnst hlutverk fyrir gamla veginn.

Lengd tengingar (heimreiðar) að Fremri-Kotum er mjög mismunandi eftir því hvaða leið verður farin. Nánast engin breyting verður ef leið A eða B verður valin, en lengd heimreiðar eftir núverandi vegi inn á Hringveg vestan við Skeljingshöfða verður um 10 km ef leið F verður valin. Sæmileg tenging næst inn á leið C og D en hefur í för með sér skerðingu á tünnum. Verði leið F valin mun Kotárgil ekki verða lengur í alfaraleið, en Kotárgil hefur verið mjög vinsæll skoðunarstaður ferðamanna.

Gamlir ónotaðir vegir meðfram nýjum vegi trufla vegfarendur, margar gamlar og ónotaðar brýr yfir sömu ána, opnar malarnámur, hálfir hólar, aurkeilur, melir, gapandi hraunsár ofl. trufla vegfarendur þannig að mikilvægt er að taka tillit til þessara þátta við hönnun og lagningu nýs vegar. Einnig skiptir máli fyrir veiðimenn, landeigendur, ofl. Þegar búið er að dýpka ár vegna efnistöku, slík efnistaka eykur rof í árfarvegum ofan og neðan efnistökuastaðarins, þ.e. rof eykst strax og framburður árinna eykst fyrst á eftir. Rofvarnargarðar minnka svo rof af völdum Norðurár sem veldur

minnkandi setburði til sjávar í Skagafjörð, við það má búast við að landbrot aukist af völdum sjávar þegar til lengri tíma er litið.

Mikilvægt er að ætla gamla veginum eitthvert heildstætt hlutverk eða fjarlægja hann. Gamli vegurinn í Norðurárdal er nokkuð uppbyggður og malbikaður þannig að hann er mjög áberandi í landslaginu, og er æskilegt að Vegagerðin hafi heildstæða áætlun um úr sér gengin vegamannvirki. Um leið vil undirrituð hrósa Vegagerðinni fyrir áætlun um frágang á gömlum efnisnánum.

Nú þegar liggja háspennulínur og raflínuvegur eftir sunnanverðum dalnum sem skapar mikil lýti á dalnum. Væntanleg vegagerð mun auka það rask sem fyrir er til muna.

**Brýr:**

Leiðir A og B: Um 55 m löng brú yfir Norðurá, um 20 m löng brú yfir Valagilsá og steypur stokkur yfir Kotá með um 6 m fyllingu.

Leiðir C, D og E: Steypur stokkur yfir Króká með um 10-11 m fyllingu, brú yfir Norðurá/Króká neðan Ytri-Kota og steypur stokkur yfir Kotá með um 6 m fyllingu.

Leið F: Steypur stokkur yfir Króká, um 37 m löng brú yfir Egilsá og um 120 m löng brú yfir Norðurá við Skeljungshöfða.

Samkvæmt þessu fara leiðir A og B aldrei yfir Króká né Egilsá, leiðir C, D og E fara ekki yfir Egilsá en tvisvar yfir vatn úr Króká. Leið F fer tvisvar yfir vatn úr Króká og Egilsá.

Náttúruvernd ríkisins þarf að huga vel að steypu stökkunum í Króká og Kotá vegna fyllinganna sem þeim fylgir. Leiðin yfir Kotá liggur neðar en núverandi veglína, árfarvegurinn er farinn að breyða úr sér þar, fyllingar takmarka útsýni inn í gilin og truflar þá landslagsheild sem gilið myndar.

**Áraurar Norðurár að vestanverðu:** Allar leiðirnar eru ætlaðar að fara um áraura Norðurár í utanverðum dalnum. Vegurinn Bólstaðarhlíð liggur að hluta til niður á áreyrum Héraðsvatna, má segja að ekki sé óeðlilegt að vegurinn haldi áfram eftir áreyrunum þar sem eyrarnar mynda nægilegt pláss fyrir veginn. En árfarvegir eru viðkvæm svæði þar sem taka þarf tillit til lífríkis árinna, hryggningar, fiskgengd, rofs, framburðar ofl. Hugla þarf vel að útliti rofvarna, hvernig þær brjóta straum, hvernig vatnið hegðar sér milli varnargarðanna ofl. Undirritaðri finnst að of miklar lygnur myndast á milli varnargarðanna sem búið er að setja upp þannig að leir nær að setjast þar og fýkur svo í þurru og hvössu veðri.

Eins og sjá má er að ýmsu að huga og örugglega hefur ekki allt verið tekið til í þessari skýrslu en vonandi mun þetta verk takast sem best öllum til hagsbóta.

**Fyrirvari:** Þegar búið verður að velja veglínu áskilur undirrituð þess að fara og líta betur á hana, fjalla um væntanlegar efnisnámur því ekki hefur verið ákveðið hvaða staðir verða fyrir valinu.

Undirrituð hefur ekki farið um veglínu F, ekki litið á væntanleg brúarstæði fyrir veglínur C,D og E. Eins hefur undirrituð ekki litið á áraura Norðurár frá Bessakoti að Kjálkavegi (Skeljungshöfða).

Virðingarfyllst

Sigríður Hjaltadóttir eftirlitsráðgjafi  
Náttúruverndar ríkisins Norðurlandi

**Hjálagt** HRINGVEGUR um Norðurárdal í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu  
Kjálkavegur - Heiðarsporður. Kort 3. Unnið af Heimi F. Guðmundssyni og Helgu  
Aðalgeirsdóttur í nóvember 2000.

Ljósmyndir No 1- 74 sem ná frá Heiðarsporði að Bessakoti.

Ljósmyndir teknar á stafræna myndavél, í júní og október 2000 af Heimi F.  
Guðmundssyni frá Vegagerðinni Akureyri.

**Afrit sent**

Heimi F. Guðmundsyni Vegagerðinni Akureyri